



SKYLLINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland
www.skyllingar.is



Kaupmannahöfn, 30. Ágúst 2025

Fréttatilkynning

NORDIC FENCING FESTIVAL OPNA NORÐURLANDAMEISTARAMÓT Í SKYLLINGUM

Glæsilegur árangur Andra Nikolayssonar á Opna Norðurlandameistaramótinu

Dagana 28.–31. ágúst fara fram Opna Norðurlandameistaramótið í skyllingum (Nordic Fencing Festival) í Kaupmannahöfn. Mótið var einstaklega fjölmennt en yfir 1.000 keppendur frá 27 þjóðum tóku þátt og er þetta eitt stærsta mót sinnar tegundar frá upphafi. Keppt er í öllum þremur vopnategundum skyllinga: lagsverði, stungusverði og höggusverði. Ísland á þar 12 keppendur sem taka þátt í hinum ýmsu flokkum og sýndu flottan árangur.

Ísland hreppti silfrið í liðakeppni drengja 20 ára og yngri með höggusverði þar sem þeir lutu í lægri haldi fyrir Finnum í úrslitum.

Einnig átti Birgir Valgeirsson góðan árangur og vann til bronsverðlauna í einstaklingskeppni drengja 17 ára og yngri með stungusverði.

Nýkrýndur Norðurlandameistari í skyllingum er Andri Nikolaysson Mateev sem fór með sannfærandi sigur af hólmi á Opna Norðurlandameistaramótinu. Hann sigraði alla sína andstæðinga á mótinu og tryggði sér gullið í einstaklingskeppninni.

Í riðlakeppninni vann Andri sex af sex bardögum og var í þriðja sæti eftir hana. Í 16 manna úrslitum lagði hann Markus Suorsa frá Finnlandi 15–8 og í átta manna úrslitum vann hann Etienne Sibelius, einnig frá Finnlandi, 15–9.

Í undanúrslitum mætti Andri Lukas Chiari frá Austurríki og hafði betur 15–12. Í úrslitunum beið annar Austurríkismaður, Alexander Lazar, en Andri tryggði sér gullið með glæsilegum 15–8 sigri í afar spennandi viðureign.

Mótinu lýkur á morgun en þá tefla Íslendingar fram liðum í karlaliðakeppni, í undir 23 ára flokki kvenna auk undir 13 ára drengja og stúlkna.

Þeir sem óska eftir frekari upplýsingum geta haft samband við Andra í síma 663 9015

Hjálagt eru ýmsar myndir

Fyrir hönd Skyllingasambands Íslands,
Nikolay Ivanov Mateev, Formaður